Hestamannafélagið Faxi
1933-2013

Haust 2013
Hvanneyri

Æskulýðsnefnd Faxa

Starfskýrsla 2012 – 2013

hmf@faxi.is / faxaborg.123.is
Höfundur skýrslu: Anna Berg, Hvanneyri
@allur réttur áskilinn

Starfskýrsla æskulýðsnefndar Faxa 2012-2013

Veturinn 2012 var fremur viðburðarlítill. Margar ástæður liggja þar að baki en þó helst uppnám fyrrverandi stjórnar vegna sameiningaferils Faxa og Skugga. Sameining var samþykkt á aðalfundi Faxa en á sama tíma var henni hafnað á aðalfundi Skugga. Aðalfundur Faxa, haldinn í nóvember 2011, fór í uppnám og var slitið. Framhalds aðalfundur var haldinn 18.febrúar 2012 þar sem var kosin ný stjórn Faxa. Eftirleiðis voru nefndir skipaðar en allt nefndarstarf lá í dvala á milli aðalfunda. Ný æskulýðsnefnd var skipuð. Störf hennar hófust með góðum fundi þar sem um 30 börn úr félaginu mættu og fóru yfir fyrirhugaða dagskrá ársins 2012.

Dagskrá og viðburðir 2012.

Apríl – maí: Reiðnámskeið á Miðfossum og Skáney. Reiðkennarar Randi Holaker og Haukur Bjarnason.

> Á námskeiðið mættu um 5 börn. Námskeiðið var almennt en þau sem vildu gátu fengið sérkennslu fyrir keppni.

Maí – júlí: Sameiginlegt reiðnámskeið Faxa og Skugga á Vindási (mótasvæði Skugga). Reiðkennari Sigvaldi Lárus Guðmundsson.

> Á námskeiðið mættu börn sem ætluðu sér að taka þátt í úrtöku fyrir LM2012. Alls voru þetta 4 börn úr Faxa er nýttu sér þetta námskeið.

Nýtt fólk hóf störf í æskulýðsnefnd Faxa eftir aðalfund 4.desember 2012. Í nefndinni starfa nú:

> Anna Berg, Edda Þórarinsdóttir, Klara Sveinbjörnsdóttir og Jónmundur Hjörleifsson.

Dagskrá og viðburðir 2013.

Keppnisnámskeiðaröð:
Í Janúar hófst samstarf Faxa og Skugga að nýju. Ráðist var í námskeiðaröð með reiðkennaranum Sigvalda Lárus Guðmundssyni. Kenndar voru 4 helgar í vetur í sameiginlegri aðstöðu félaganna Faxaborg. Kennslufyrirkomulag var eftirfarandi: 27-28. janúar, 9-10. febrúar, 23-24. mars og 4-5.maí. Hópatímar á laugardögum en einkatímar á sunnudögum. Vel var mætt á þessi námskeið eða alls 7 börn, unglingar og ungmenni frá Faxa. Sem er góð uppskera eftir laka þátttöku síðasta árs. Sigvaldi fékk topp einkunn frá krökkunum. Reiðkennslan var mikið niðurgreidd eða 50% hjá báðum félögum. Námskeiðaröðin kostaði alls 28.000 kr. Kostnaður er féll á barn fyrir þessa námskeiðaröð var því 14.000 kr. fyrir 4.helga námskeið.

Námskeiðaröð, almennt reiðnámskeið:
Almennt reiðnámskeið var haldið í samstarfi Faxa og Skugga í reiðhöllinni Faxaborg. Námskeiðið var kennt af Heiðu Dís Fjeldsted. Kennslufyrirkomulagið var hópatímar þrjár helgar á tímabilinu apríl – maí: 6-7.apríl, 20-21.apríl og 4-5. maí. Það náðist mjög góð mæting frá Faxa eða alls 11 börn. Það þurfti að hafa mikið fyrir mætingu sumra og má Edda Þórarinsdóttir fá þakkir fyrir dugnað og óeigingjarnt starf er hún bæði keyrði og lánaði hross undir sum börnin. Á þessu námskeiði varð sýnilegur vandi Faxabarnanna. Faxabörnin eru mörg hver í uppsveitum héraðsins og þurfa að koma hestum sínum langa vegu á kennslusvæðið. Bæði er þetta mikil fyrirhöfn og kostnaðarsamt. Faxi hefði

gjarnan viljað greiða niður sem og aðstoða meira með hestaflutninga barnanna. En því miður skorti fjármagn til þessa.

Svo dreift félag sem Faxi er þá fögnum við þátttöku þessara ellefu barna er mættu á almenna reiðnámskeiðið og þeirra sjö er mættu á keppnisnámskeiðið. En betur má ef duga skal. Mörg þeirra barna innan félagsins sáu sér ekki fært að mæta á almenna námskeiðið vegna örðugleika við flutning á hrossum þeirra. Framtíðardraumur æskulýðsnefndarinnar er að geta aðstoðað frekar þessi börn sem búa við þessar aðstæður.

Tölulegar upplýsingar - námskeið

Námskeið	**Fjöldi**	**Upphæð**	**Niðurgreitt**
Keppnisnámskeið	7 börn	14.000 pr. barn	50 %
Almennt reiðnámskeið	11 börn	4.000 pr. barn	0 %
Alls:	18 börn		

Tölulegar upplýsingar – ungt fólk í Faxa <21 árs

Aldur	**Fjöldi**
Börn	24
Unglingar	27
Ungmenni	36
Alls:	87

Fyrirhuguð dagskrá sumar 2013

Kaffi og veitingasala á vikulangri kynbótasýningu á Miðfossum í viku 24. Allir sem vettlingi geta valdið verða hvattir til að mæta, baka, elda eða gera eitthvað til að fjáröflunin verði sem best og mest. Einnig er gaman að hittast, spjalla og fylgjast með sýningunni. Margar hendur vinna létt verk.

Þann 22.júní er fyrirhugað að fara í æskulýðsferð Faxa. Reiðtúr út frá Heggstöðum. Í boði verður grill, leikir og fræðsla. Allir velkomnir, nánar um þessa ferð verður auglýst á vefmiðlum Faxa. Krakkar innan og utan félasins eru velkomin.

Fjórðungsmót, FM 2013. Nefndin ætlar að bjóða börnum sem ekki hafa bílpróf að komast á mótið. Leyfa þeim að upplifa frábæra vestlenska gæðinga og komast á stærsta mót ársins á svæðinu. Nánar verður um þetta er nær dregur móti. Átt er við dagsferð en ekki helgarferð. Áfengisneysla er stranglega bönnuð í þessari ferð. Farið að morgni og komið heim að dagskrá lokinni á kvöldin.

Æfingabúðir fyrir keppnisbörn/-unglinga/-ungmenni. Fyrirhugað er að halda æfingabúðir á Miðfossum fyrir þau börn og unglinga sem taka þátt á FM 2013. Óvíst er hvort þetta verði í samvinnu við önnur félög. Fengnir verða reiðkennarar er veita góð ráð fyrir keppnisdaginn. Hest og knapa

verður stillt saman fyrir mótið. Farið yfir allar reglur, fyrirkomulag á mótinu og aðstandendur fá góð ráð.

Íslandsmót ungfólks 2013 verður haldið af Létti á Akureyri. Fyrirhugað er að halda utan um þann hóp sem vill fara norður og spreyta sig. Einnig farið í að kanna fjárhagsaðstoð við flutning hrossanna. Konráð varð Íslandsmeistari unglinga í slaktaumatölti (T2) og í öðru sæti í gæðingaskeiði á sama móti 2012. Æskulýðsnefnd Faxa vonar að sem flestir innan raða félagsins sýni þessu fágaða móti áhuga. Von okkar er að geta stutt betur við þann hóp sem vill fara á Íslandsmót ungfólks í hestaíþróttum.

Í ágúst er Faxagleðin haldin, firmakeppni, kappreiðar og þrautabrautir. Faxagleðin er fjölskyldustund félagsins. Grill og gleði að lokinni keppni. Eitt af einkennum Faxagleðinnar er: Verum saman án áfengis. Á þessum mótum ríkir samkennt og ungir sem aldnir eru jafnir.

Á haustdögum verður haldin 80 ára afmælishátíð Faxa en félagið varð 80 ára þann 23.mars s.l.
Æskulýðsnefndin vill leyfa börnum að taka þátt í borðhaldinu. Flest börn í félaginu eiga foreldra sem einnig eru félagsmenn.

Innan raða Faxa eru framúrskarandi ungir keppendur má þar til að mynda nefna þá Konráð Axelsson sem landaði Íslandsmeistaratitli unglinga í T2 2012. Auk þessa hefur félagið komið að uppeldi margra framúrskarandi reiðmanna líkt og Flosa Ólafssyni sem í Eiðfaxaviðtali þakkaði góðu æskulýðsstarfi uppeldisfélags síns, Faxi, fyrir þann grunn sem hann byggði á. Konráð Valur Sveinsson faxaunglingur stóð sig glæsilega vel á HM í Berlín nú í sumar er hann landaði heimsmeistaratitli í 250m skeiði á merinni Þórdís frá Lækjarbotnum. En þrátt fyrir framúrskarandi árangur þessara ungmenna megum við ekki gleyma hinum almenna reiðmanni, þessum sem nýtur hestsins utan vallar. Í sveitum er hesturinn enn þarfasti þjónninn við smalamennsku. Faxi vill stuðla að aukinni fræðslu innan þessa hóps, almenns reiðmanns og smalafólks. Hestamennska er svo mikið meira en bara keppni t.a.m. hefur samvera með hesti mikið forvarnargildi og kennir ungu fólki umburðarlyndi gangvart annarri lifandi skepnu.

Starfið sumarið 2013
Kaffisalan var mjög vel tekið af sýnendum sem öðrum hagsmunaaðilum. Mikið var selt og reyndi nefndin að bjóða líka upp á mat, því var vel tekið. Margir komu að sölunni beint og óbeint, með kökur, mat og vinnu í sjoppu. Allir þeir sem aðstoðuðu eiga miklar þakkir fyrir. Söfnunarféð mun koma æskulýðsstarfinu að góðum notum.

Faxagleðin tókst með miklum ágætum og mættu margir ungir sem aldnir til leiks. Æskulýðsnefndin bauð upp á kaffi og vöfflur og mæltist það vel fyrir. Fyrirhugað er að gera þessa kaffisölu að hefð. Ungafólkið hafði mjög gaman af Faxagleðinni og tók virkan þátt í kappreiðum. Hver veit nema ný kynslóð endurveki kappreiðarmenninguna.

Eins og lýst er hér að ofan var margt á dagskránni fyrir sumarið 2013, Æfingabúðir fyrir FM, æskulýðsreið, ferð á FM með unglinga og á Íslandsmót yngri flokka 2013. Því miður varð lítið úr þessum dagskráliðum sökum dræmrar aðsóknar. Hvað veldur er fremur umhugsunarvert, er það tímaleysi foreldra og barna eða hreint og klárt áhugaleysi. Tímaleysi er samfélagslegt vandamál til sjávar og sveita og lítið við þeim vanda að gera. En ef áhugaleysi er vandamálið verður félagið og nefndin að bregðast við.

Til að kanna hvert vandamálið er mun æskulýðsnefndin senda út spurningarlista til félagsmanna nú á haustdögum. Bæði til að kanna áhuga fyrir vetrarstarfinu 2014 og ástæðu lélegrar ásóknar í sumarstarf og –leiki félagsins.

Að lokum

Að ofan sögðu er ljóst að félagið er að rísa aftur upp úr erfiðu tímum einnig sem félagsmenn búa dreift um allt Borgarfjarðarhérað. Dreif byggð veldur því að erfitt er að gera börnum Faxa jafnt undir höfði og börnum annarra félaga í héraðinu. Helst kostnaðurinn er flutningur hrossanna. Að þessu sögðu óskaði æskulýðsnefnd Faxa eftir fjárstuðningi Borgarbyggðar og UMSB til æskulýðsstarfa félagsins. Styrkur fékkst var hann veittur líkt og öðrum félögum, án tillits til dreifðrar byggðar félagsmanna Faxa.

Á sama tíma og félagið hefur aukið starf sitt er fyrirhugað að gera enn betur veturinn 2013-2014. Vonumst við hjá félaginu til þess að geta innleitt knapamerkjanámskeiðið í Varmalands- og Kleppjárnsreykjaskóla. Nefndin hefur farið þess á leit við forsvarsmenn skólanna og var þessari umleitan tekið vel. Þetta verkefni er enn í vinnslu.

Framtíðaráform æskulýðsstarfs Faxa er að efla og hvetja ungt fólk til meiri virkni í félaginu. Það er ljóst að hvatningar er þörf og sýnt að það verður erfitt að ráða niðurlögum á miklum kostnaði er hlýst af löngum ferðalögum sveitarfólks að kennslustöðum. Þetta er eitt af stóru vandamálum æskulýðsstarfs Faxa. Nefndin ætlar sér að leita allra ráða til að aðstoða foreldra og börn til að taka þátt í starfi félagsins. Til þessa verða t.a.m. notaðir styrkir sem félagið hefur hlotið frá UMSB til æskulýðsstarfs ásamt þeim fjármunum sem nefndin hefur aflað sér á öðrum vettvangi s.s. með veitingasölu og fl.

Stöndum vörð um æskuna.

Með vinsemd og virðingu
f.h. Æskulýðsnefndar Faxa
Anna Berg Samúelsdóttir
hmffaxi@gmail.com
www.faxaborg.123.is / fésbókarsíða félagsins, hmffaxi
reikningur: 1103-26-0539
kennitala:530969-0659



Mynd 1. Konráð Valur Sveinsson á Þórdísi frá Lækjarbotnum



Mynd 2. Sverrir Geir, barnaflokkur á FM 2013